

gjarnlega áætlaða ársleigu lóðarinnar nú með sjávarréttindum, eins og hún var, þegar hún var leigð, og réttar hefðu verið að miða við, eða við sanngjarnlega áætlaða ársleigu lóðarinnar, eins og hún er nú, sem eðlilegast er að skilja orðalag matsgerðarinnar, en um þetta er matsgerðin óskýr.

Verður því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda, en telja rétt, að stefnandi greiði stefndu 300 kr í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd sé sýkn af kröfum stefnanda. Stefnandi, Pétur Bóasson, Siglufirði, f. h. eigenda Hafnar í Siglufirði, greiði stefndri, frú Indíönu Tynes, Siglufirði, 300 kr. í málskostnað, sem greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1942.

Nr. 55/1942. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)
 gegn

Ásgeiri V. Ólafssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Sýknað af kæru fyrir brot á húsaleigulögum.

Dómur hæstaréttar.

Áður en kærði fékk til afnota herbergi það, er Howard Little hafði áður haft á leigu og mál þetta er risið af, hafði hann 4 herbergi til afnota á miðhæð húss síns. Bjó sonur hans uppkominn í einu, dóttir uppkomin í öðru, hið þriðja var eldhús. Var þar og matazt, og þar svaf ráðskona kærða. Fjórða herbergið var einkaskrifstofa kærða og svefnherbergi. Var það og notað til borðshalds, þegar gestir voru. Þegar kærði fékk umrædda stofu á stofuhæð hússins til afnota, flutti hann skrifstofugögn sín þangað, en borðstofugögn sín, er áður höfðu verið geymd í kjallara, upp í staðinn. Af þessu er ljóst, að kærða var brýn þörf á að bæta herbergi þessu, er leigutaki hafði af hendi látið, við húsakost sinn, og þykir hann ekki hafa brotið ákvæði

húsaleigulaga með því. Ber því að sýkna hann af kærú valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar á rikissjóð, þar með talin laun skipaðs talsmanns kærða í héraði, kr. 60.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Valdimar Ólafsson, skal vera sýkn af kærú valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns kærða í héraði, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Garðars Þorsteinssonar og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 250.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. marz 1942.

Ár 1942, miðvikudaginn 25. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Valdimar Stefánssyni, upp kveðinn dómur í málinu nr. 638/1942: Valdstjórnin gegn Ásgeiri Valdimar Ólafssyni, sem tekið var til dóms 18. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ásgeiri Valdimar Ólafssyni umboðssala, Vonarstræti 12 hér í bæ, fyrir brot gegn húsaleigulöggjöfnni.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 11. apríl 1891. Hinn 1. febrúar 1922 sættist hann í lögreglurétti Reykjavíkur á að greiða kr. 10.00 í sekt fyrir brot gegn fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu, en að öðru leyti hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákærú eða refsingu.

Frá því í marz 1939 hefur Howard Blain Little kennari haft á leigu íbúð á fyrstu hæð húss kærða Vonarstræti 12. Var íbúðin 3 herbergi og eldhús. Í júlí s. l. fékk kærði til umráða eitt herbergjanna, en það herbergi hafði Little notað sem svefnherbergi fyrir sig og konu sína. Þetta herbergi tók kærði til eigin nota. Heldur hann því fram, að hann hafi notað herbergið jafnt sem svefnherbergi fyrir sig og gesti sína utan af landi, setustofu og

skrifstofu, en með framburði vitna, skoðunargerð tveggja lögreglu-
manna og að nokkru með framburði kærðs sjálfs þykir sannað, að
kærði hafi notað herbergið sem skrifstofu í sambandi við umþöðs-
verzlun sína, enda hafði hann sýnishornasafn í næsta herbergi, og
standa í gluggum beggja herbergjanna skilti með orðunum: „Ásgeir
Ólafsson. Skrifstofa“. Herbergið með sýnishornasafninu hafði
Finnur Ó. Thorlacius byggingameistari haft á leigu sem íbúðar-
herbergi. En á síðastliðnu sumri samdist svo með honum og kærða,
að kærði fengi íbúðarherbergi Finns, en Finnur aftur það her-
bergi, er kærði hafði haft fyrir vörusýnishornin, en það var
á sömu hæð. Varð það úr, að Finnur tók þetta herbergi til íbúðar,
en kærði tók hitt herbergið undir vörusýnishornin.

Fyrir herbergjaskipti þessi og tóku íbúðarherbergis Finns undir
sýnishornin þykir kærði eigi verða sakfelldur, þar sem íbúðar-
húsnæði kom í staðinn fyrir það, sem tekið var til annarra nota,
og þetta gerðist með samkomulagi aðilja. Hins vegar þykir kærði
með því að taka íbúðarherbergi Little's til skrifstofunota hafa
brotið 3. gr. laga um húsaleigu nr. 106 8. september 1941, og sam-
kvæmt 11. gr. sömu laga þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200
króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektar-
innar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms
þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með
talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Gunnars Þor-
steinssonar, kr. 60.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Valdimar Ólafsson, greiði 200 króna sekt til
ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði
hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-
laun skipaðs verjanda síns, hrm. Gunnars Þorsteinssonar,
kr. 60.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.